
Vindorkugarður að Hnotasteini, Norðurþingi

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 25. febrúar 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga Qair Iceland að matsáætlun vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs að Hnotasteini í Norðurþingi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruverndarnefndar Þingeyinga, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Vindorkugarður að Hnotasteini. Tillaga að matsáætlun. Qair og Efla. Febrúar 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Norðurþingi þann 24. mars 2021
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þann 30. apríl 2021
- Landsneti þann 23. mars 2021
- Minjastofnun Íslands þann 16. mars 2021
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 23. mars 2021
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga þann 24. mars 2021
- Orkustofnun þann 18. mars 2021
- Samgöngustofu þann 22. mars 2021
- Vatnajökulsþjóðgarði þann 9. júní 2021
- Veðurstofu Íslands þann 18. mars 2021
- Vegagerðinni þann 22. mars 2021

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Norðurhjara, ferðaþjónustusamtökum þann 19. mars 2021
- SUNN, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi þann 21. mars 2021
- Maríu Gunnarsdóttur þann 21. mars 2021
- Halldóru Gunnarsdóttur þann 22. mars 2021
- Gunnari Einarssyni þann 23. mars 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 31. maí og 28. júní 2021.



3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Qair Iceland eru kynnt áform fyrirtækisins um byggingu og rekstur vindorkuvers að Hnotasteini á Melrakkaslétu og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Fram kemur í tillögu Qair Iceland að áætluð stærð vindorkuversins með 34 vindmyllum sé allt að 200 MW og að það sé áformað að reisa orkuverið á rúmlega 3000 ha (30 km²) landsvæði að Hnotasteini á Melrakkaslétu í Norðurþingi.

Gert er ráð fyrir að uppbygging vindorkuversins fari fram í tveimur áföngum. Áætlanir miðast við að vindmyllur geti verið allt að 200 m að hæð þegar spaði er í hæstu stöðu. Fyrirhugað er að lagðir verði nýir 4,5 m breiðir malarslóðar frá sem liggur um svæðið að hverri vindmyllu. Gert er ráð fyrir að jarðstrengir frá hverri vindmyllu verði grafnir meðfram slóðunum og aðalvegi að safnstöðinni og stöðin síðan tengd flutningskerfi Landsnets með háspennulínunum. Frummat á heildarlengd jarðstrengja er um 17 km og fyrirhuguð rafspenna strengjanna um 33 kV. Undirstöður undir hverja vindmyllu verða um 1600 m² og vinnuplan við vindmyllu rúmlega 2200 m². Heildarefnisþörf fyrirhugaðra framkvæmda er áætluð um 250.000 m³.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Flutningur aðfanga

Í kafla 4.7 í matsáætlun kemur fram að í samráði við Vegagerðina og framleiðanda vindmyllanna verði lagt mat á hvaða veg sé best að nýta til flutninga á vindmyllueiningum (turnum, vélarhúsum og spöðum) og efni og ferða til og frá framkvæmdasvæðinu. Einingarnar verða fluttar með skipi til nálægrar hafnar og síðan ekið að framkvæmdasvæðinu. Tvær flutningsleiðir koma til greina; eftir Norðausturvegi úr annað hvort austri eða vestri.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvort og þá hvaða sértæku kröfur eru gerðar til löndunarstaða, vega og brúa vegna löndunar og flutnings á búnaði, svo sem varðandi burðarþol, breidd og beygjur. Fjalla þarf um mögulegar vegafamkvæmdir sem ráðast þarf í vegna flutnings aðfanga og meta umhverfisáhrif þeirra á viðeigandi umhverfispætti.

Niðurrif og frágangur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að að rekstartíma loknum, sem gera megí ráð fyrir að verði að minnsta kosti 25 ár, verður vindorkugarðurinn annaðhvort endurnýjaður eða tekin niður. Niðurrifið mun felast í sundurhlutun á vindmyllunum, flutningi þeirra af svæðinu auk þess sem grunnar og vegir á svæðinu verða fjarlægðir.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvað gert er ráð fyrir að leyfi til vindorkuversins verði veitt til langs tíma sem og hvernig staðið verður að frágangi svæðisins að starfstíma loknum.

Tenging við flutningskerfi raforku

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að raforkan sem vindmyllurnar framleiði verði flutt með jarðstrengjum og safnað í safnstöð á framkvæmdasvæðinu. Þar verður spennunni breytt og raforkan flutt inn á flutningskerfi Landsnets með háspennulínunum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikilvægt sé að í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmda vegna lagningu flutningslínu rafmagns frá framkvæmdasvæðinu og tengingum við flutningskerfi Landsnets.

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi benda á að fjalla þurfi um umhverfisáhrif kosta flutningsleiða frá framkvæmdasvæði við tengivirki Landsnets, hvort sem gert er ráð fyrir loftlínu eða jarðstreng.



Í umsögn Landsnets er áréttað mikilvægi samráðs við fyrirtækið varðandi greiningu á mögulegum tengingum við flutningskerfið og útfærslu þeirra.

Skipulagsstofnun bendir á að lagning jarðstrengs/loftlínu frá safnstöð að tengivirki Landsnets við Snartarstaði er tengd framkvæmd og þó að Landsnet sé framkvæmdaraðili þarf í frummatsskýrslu að gera ítarlega grein fyrir þeim framkvæmdum og sýna legu mögulegra valkosta fyrir tengingu við flutningskerfið á korti auk þess að leggja mat á samvirk eða samlegðaráhrif þessarar framkvæmdar með vindorkugarðinum á þá umhverfisþætti sem skoðaðir eru í umhverfismatinu. Koma þarf fram rökstuðningur fyrir vali á línuleið og flutningsmáta, þ.e. loftlínu eða jarðstreng.

Náttúruvá

Í tillögu að matsáætlun er ekki fjallað um náttúruvá.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að ekkert sé fjallað um vindafar né aðra þætti veðurfars nema mjög stuttlega minnst á mælingar á vindi. Þá skortir umfjöllun um náttúruvá, s.s. aftakaveður (ofviðri) og jarðskjálfta.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að sprungur og brotalinur séu við vesturhluta Melrakkasléttu og öflugir jarðskjálftar urðu við Kópasker árið 1976. Kanna þarf höggun berggrunns, sprungur og misgengi innan framkvæmdarsvæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þessi atriði verði skoðuð út frá loftmyndum og fyrirbyggjandi kortum. Þegar kemur að endanlegri hönnun þarf að skoða nánar eftir atvikum, t.d. með skurðgreftri, undirstöður fyrir hverja vindmyllu.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein sprungum og brotalinum á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og fyrir þoli vindmylla fyrir jarðskjálftum og gagnvart annarri náttúruvá s.s. aftakaveðri.

Flugöryggi

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði mat lagt á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á flug og fjarskipti byggt á samskiptum við hagsmunaaðila og einnig gert grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru um litamerkingar og lýsingu hindrana.

Í september 2019 tók gildi ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana utan áhrifasvæða flugvalla í því skyni að draga úr hættu á flugslysum og óhöppum tengdum flugi. Í ákvörðuninni er gerð krafa um litamerkingu hindrana sem eru 60 m og hærri og lýsingu hindrana sem eru 100 m og hærri. Sérstök ákvæði eru um vindmyllur í ákvörðuninni. Samgöngustofa getur gert ríkari kröfur og heimilað frávik frá þeim kröfum sem fram koma í ákvörðuninni.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim reglum sem gilda um litamerkingar og hindranalýsingu og hvernig áformað er að uppfylla þau skilyrði í vindorkuverinu í landi Hnotasteins. Sjá að öðru leyti kafla um landslag og ásýnd lands að neðan.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum verði valkostir varðandi uppröðun og staðsetningu vindmylla skilgreindir og bættir á grundvelli tæknilegra atriða og niðurstaðna rannsókna á þeim umhverfisþáttum sem til skoðunar eru í þessu umhverfismati. Í frummatsskýrslu verða þrjár sviðsmyndir kynntar fyrir mismunandi uppröðun vindmylla og þær bornar saman með tilliti til umhverfisáhrifa og tæknilegra viðmiða. M.a. verða sjónræn áhrif metin og borin saman fyrir þessar þrjár sviðsmyndir auk þess sem áhrif á fugla og gróðurfar verða borin saman fyrir hverja sviðmynd.



Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat vindorkuvers að Hnotasteini verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Slíkir valkostir, fyrir utan valkosti um uppröðun og staðsetningu, geta falist í stærð/afli vindorkuvers, áfangaskiptri uppbyggingu, hæð vindmylla og tilhögun vindmylla auk núllkosta, þ.e. að ekki verði af uppbyggingu vindorkuvers.

Jarðminjar - vistkerfi

Náttúrufræðistofnun Íslands vekur athygli á í umsögn sinni að reisa á vindorkugarðinn að mestu á nútímahrauni, Kerlingarhrauni, sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og Náttúruverndarnefnd Þingeyinga tekur í sama streng. Þar að auki eru stöðuvötn og tjarnir innan svæðisins sem einnig njóta verndar. Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem falla undir sértaka vernd nema brýna nauðsyn beri til og er þá átt við brýna almannahagsmuni. Stofnunin bendir á að hraunið njóti sérstöðu meðal nútímahrauna á Íslandi og einnig er bent á í umsögninni að innan framkvæmdasvæðisins eru tvær jarðmyndanir úr jökulruðningi, Heinabergsásar, sem mynda sérstakt landslag og sem hafa mikið verndargildi á svæðis- og landsvísu.

Framkvæmdaraðili hefur sagt að framkvæmdasvæðið verði kortlagt m.t.t. jarðminja og að í vettvangsrannsóknnum sem mun vera farið í til að velja endanlega staðsetningu vindmyllanna mun sérstök áhersla verða lögð að að finna staðsetningar sem raska ekki vistkerfum og jarðminjum.

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar að mikilvægt sé að þar til bær sérfræðingur verði fenginn til að leggja mat á verndargildi ofangreindra jarðminja og að val á staðsetningu vindmyllanna og annarra mannvirkja taki mið að því að raska ekki jarðminjunum. Í frummatsskýrslu þarf að birta rökstutt mat á verndargildi Kerlingarhrauns og Heinabergsása og hvernig framkvæmdaraðili hyggst koma í veg fyrir eða lágmarka rask á umræddum jarðminjum.

Landslag og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjarlægð milli vindmylla hafi ekki endanlega verið ákveðin en gera megí ráð fyrir að hún verði u.þ.b. þrefalt þvermál spaðanna sem er um 160 m eða tæplega hálfur km og um verði að ræða alls 34 vindmyllur.

Mat á áhrifum á landslag og ásýnd lands er einn þýðingarmesti þáttur umhverfismats vindorkuvera. Skipulagsstofnun leggur því sérstaka áherslu á að nálgun og framsetning mats á áhrifum á landslag og ásýnd í frummatsskýrslu fylgi bestu starfsvenjum (e. best practice) og í tillögu að matsáætlun kemur fram að framkvæmdaraðili muni styðjast við leiðbeiningar Scottish Natural Heritage hvað varðar mat á áhrifum á ásýnd lands¹. Varðandi mat á landslagi verður stuðst við breskar leiðbeiningar frá árinu 2013². Skipulagsstofnun tekur afstöðu til þess hvort þau gögn eru fullnægjandi við yfirferð frummatsskýrslu sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000. Stofnunin bendir á að skýrsla um flokkun landslagsgerða á Íslandi, sem unnin var sem hluti af viðauka við landsskipulagsstefnu, hefur verið gefin út og sem hafa má til hliðsjónar við matið.

Í athugasemdum hefur verið vakin athygli á óbyggðum víðernum innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé óbyggt og

¹ Hér er vísað til: Visual Representation of Wind Farms. Guidance. Version 2.2. February 2017. www.nature.scot/sites/default/files/2019-09/Guidance%20-%20Visual%20representation%20of%20wind%20farms%20-%20Feb%202017.pdf. Átt er við aðferðafræðina í heild eins og hún er kynnt í leiðbeiningaritinu. Einnig er vísað til fylgigagna með þeim leiðbeiningum sem nálgast má á þessari vefslóð: www.nature.scot/visual-representation-wind-farms-guidance

² Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment, 3rd Edition (GLVIA)



að mestu óraskað. Í umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga er bent á að Hólaheiði sé nyrsti hluti af stærsta víðernissvæði landsins utan víðerna miðhálandisins og vakin athygli á að markmið tillagna í landsskipulagsstefnu er meðal annars að viðhalda óbyggðum víðernum.

Skipulagsstofnun bendir á að meðal verndarmarkmiða náttúruverndarlaga er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Óbyggð víðerni eru skilgreind í lögunum sem svæði í óbyggðum af tiltekinni stærð þar sem hægt er að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Samkvæmt lögunum er við kortlagningu óbyggðra víðerna miðað við 5 km fjarlægð frá mannvirkjum en í næsta nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er uppbyggður vegur yfir Hólaheiði. Framkvæmdasvæði vindorkugarðsins er hins vegar mjög umfangsmikið og sýnileiki vindmyllanna margfalt meiri en vegarins. Þar sem ein helstu umhverfisáhrif vindorkugarðsins eru sjónræns eðlis er mikilvægt að í frummatsskýrslu komi fram niðurstaða um mat á áhrifum á óbyggð víðerni, þ.m.t. upplifunargildi, þar sem áhrifasvæði vindmyllanna einkennist af víðfeðmu flatlendi, sjónlengdir eru miklar og nær áhrifasvæðið því langt inn á svæði sem falla undir skilgreiningu á óbyggðum víðernum.

Í tillögu framkvæmdaraðila er lýst hvernig áformað er að standa að mati á áhrifum á ásýnd. Þar er m.a. lagt til að rannsóknarsvæðið nái 45 km út frá ystu vindmyllum vindorkugarðsins í allar áttir og bendir Skipulagsstofnun á að miða þarf við þessa vegalengd á sýnileikakortum sem birt verða í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir jafnframt sérstaklega á að mat á áhrifum á ásýnd lands er stigskipt ferli. Stofnunin bendir á að við val á staðsetningum fyrir ásýndarmyndir (e. photo montage, fyrir/eftir ljósmyndapör) þarf að horfa til ýmissa annarra þátta en sýnileikakorta (e. zone of theoretical visibility, ZTV) og að staðsetningar sem valdar eru þar sem líklegt er að áhrifa vindmylla á ásýnd komi til með að gæta þurfi að vera fjölbreyttar. Skipulagsstofnun bendir á að í leiðbeiningum SNH er ítarlega fjallað um val á staðsetningum fyrir ásýndarmyndir en mikilvægt er að skýr rökstuðningur liggja fyrir um val staðsetningapunkta og m.a. upplýsingar um hvort eða hvernig hafi verið staðið að samráði við almenning/staðkunnuga við val þeirra. Skipulagsstofnun áréttar að hafa þarf samráð við stofnunina við ákvörðun um hvaða sjónarhorn verða fyrir valinu, áður en frummatsskýrslu er skilað inn samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000.

Lýsing, myrkurgæði

Vegna þeirra krafna sem gerðar eru til lýsingar á vindmyllum, sbr. umfjöllun um flugöryggi hér að framan, er mikilvægt að mat áhrifum á landslag og ásýnd lands feli í sér sérstaka athugun á áhrifum lýsingar á ásýnd og myrkurgæði og að gerð sé grein fyrir mótvægisaðgerðum eftir því sem við á.

Fuglar

Mat á áhrifum á fugla er einn þýðingarmesti þáttur umhverfismats vindorkuvera. Skipulagsstofnun leggur því sérstaka áherslu á að nálgun og framsetning mats á áhrifum á fugla í frummatsskýrslu fylgi bestu starfsvenjum (e. best practice).

Í kafla 5.3 í tillögu Qair að matsáætlun er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er af hálfu framkvæmdaraðila að standa að rannsóknum og mati á áhrifum vindorkuversins á varp fugla og umferð þeirra um svæðið. Gert er ráð fyrir sjónarhólmælingum (e. vantage point surveys) frá ákveðnum föstum punktum (sjónarhólum) yfir tiltekið tímabil þar sem fylgst er með flugi fugla innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vindorkugarðs. Þá verða gerðar athuganir á dreifingu og fjölda fugla og að lokum verða ratsjarmælingar til þess að skrá leiðir far- og varpfugla.

Fram kemur í tillögu Qair að aðferðafræði sú sem stuðst er við til að rannsaka fuglalíf á svæðinu tekur mið af leiðbeiningum Scottish Natural Heritage (SNH) og er mælt með í þeim leiðbeiningum að fuglalíf á tilteknu framkvæmdarsvæði sé kannað í tvö ár nema hægt sé að færa rök fyrir því að þess sé ekki þörf. Fyrstu niðurstöður, eftir 162 klukkustundir af sjónarhólmælingum á tímum



haustfars árið 2020 sýna lítinn fjölbreytileika fugla og að fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sé fremur fábreytt. Því metur framkvæmdaraðili það svo að yfirgripsmiklar rannsóknir á einu ári séu nægjanlegar til að framkvæma áreiðanlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf.

Fram kemur að ratsjá verði notuð til þess að skrá leiðir far- og varpfugla yfir 8 mánaða tímabil, dag og nótt. Að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands var rannsóknartímabil fyrir ratsjarmælingar lengt um einn mánuð, úr 7 mánuðum í 8 mánuði, til þess að ná utan um far grágæsa og álfra að hausti og hreyfingar rjúpu snemma veturs.

Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna annarra vindorkuáforma hefur komið fram að áhrifum vindorkuvera á fugla megi skipta í þrennt: A) Beina röskun á búsvæðum og truflun meðan á framkvæmdum stendur, B) Árekstrarhættu sem taki til allrar fuglaumferðar árið um kring og C) Afleidd áhrif eftir að starfsemi hefst sem felist m.a. í því að fuglar forðist að nýta framkvæmdasvæðið eða jaðarsvæði umhverfis það.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu Qair að matsáætlun kemur fram að vindorkugarðurinn sem kenndur er við Hnotastein sé innan alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis (Melrakkaslétta) og byggir sú flokkun ekki aðeins á sjófuglabyggðum eins og fullyrt er í tillögu Qair. Þar eru einnig mikilvægir vetrar-, og viðkomu- og fjaðrafellisstaðir, auk mikilvægra varpsvæða fyrir himbrima og fáka. Báðar þessar tegundir verpa og/eða nýta svæðið við Hnotastein til fæðuöflunar. Í ljósi þessa verður að gera ríkar kröfur til rannsókna á fuglalífi í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd. Stofnunin leggur til að þar sem Hnotasteinn er á mikilvægu fuglasvæði og vitað er að það er nýtt af tegundum á valista, auk þess sem mikið af farfuglum leggur leið sína um þessar slóðir og að farleiðir eru ekki þekktar verði að gera ráð fyrir a.m.k. tveggja ára athugunum á fuglalífi með sjónarhólsathugunum sem ná yfir varptíma og fartíma vor og hausti, þ.e. frá 7. mars til 7. júní og 1. ágúst til 15. nóvember.

Náttúrufræðistofnun bendir á að uppeldisstöðvar rjúpu séu á svæðinu og eru rjúpur meðal þeirra fuglategunda sem rannsóknir sýna að er sérstaklega hætt við að fljúga á hindranir. Um þessar mundir er stofninn í sögulegu lágmarki og því er frekar lítið af rjúpum við Hnotastein en allt að tífaldur munur getur verið á rjúpnamerð í hámarks- og lágmarksárum. Rjúpur eru mikið á ferli um dimmumótin og munu þær athuganir sem lýst er í drögum að matsáætlun ekki varpa ljósi á þýðingu þessa svæðis fyrir rjúpur utan varptíma. Við þessu mætti bregðast t.d. með því að skipuleggja athuganir á þessum tíma sólarhrings og beita nætursjónaukum.

Í svörum Qair kemur fram að framkvæmdaraðili telji ratsjarmælingar vera bestu leiðina til að kanna atferli rjúpunnar í ljósaskiptum og til að skrásetja ferðir hennar þar sem mæliaðferðin virkar allan sólahringinn. Þó að aðferðin sé ekki gallalaus, t.d. þegar rjúpan flýgur lágt, þá telur framkvæmdaraðili þessa aðferð henta betur en aðrar. Auk þess verða lagðar fram mótvægisáðgerðir í frummatsskýrslu eins og að mála hluta vindmylla, sem er aðferð sem nýlegar rannsóknir styðja við.

Qair hefur lýst því yfir að sú aðferðafræði sem stuðst er við til að rannsaka fuglalíf á svæðinu taki mið af leiðbeiningum Scottish Natural Heritage (SNH). Ekki hafa verið settar fram sérstakar leiðbeiningar um mat á áhrifum vindorkuvera á fugla hér á landi, en eins og Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á í sínum umsögnum um vindorkuver er ekki alfarið hægt að yfirfæra skoskar leiðbeiningar um þetta efni upp á aðstæður hér á landi. Þá þarf að mati Skipulagsstofnunar að hafa í huga að samkvæmt lögum nr. 64/1994 eru allir fuglar, þar með taldir farfuglar, friðaðir og ber ávallt að gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun samkvæmt lögnum. Þannig skal við skipulag og landnotkun tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra.



Sú uppbygging sem hér er fyrirhuguð er án fordæma hér á landi, en þekkt er erlendis að vindorkuver geta haft mikil áhrif á fuglalíf. Þá eru almennt einnig til takmarkaðar upplýsingar um farleiðir fugla um Ísland. Hér á því við að leggja varúðarsjónarmið til grundvallar.

Í ljósi þess að ekki liggja fyrir sérstakar reglur eða leiðbeiningar um það hvernig standa skal að mati á áhrifum vindorkuvera á fuglalíf hér á landi, telur Skipulagsstofnun eiga við að byggja á leiðbeiningum Scottish Natural Heritage³. Með hliðsjón af umsögn Náttúrufræðistofnunar, m.a. þar sem um er að ræða framkvæmdir á svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að Melrakkaslétta fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár en B-hluti er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum telur Skipulagsstofnun að rannsóknir með VP aðferð þurfi að standa a.m.k. í tvö ár og spanna, auk varptíma, fartíma vor og haust (7. mars – 7. júní og 1. ágúst – 15. nóvember). Stofnunin bendir á jafnframt á að mikilvægt er að rannsóknir þessar standi yfir í tvö ár til þess að hægt sé að fá samanburð á milli ára. Fuglarannsóknir þurfa að ná yfir allt framkvæmdasvæðið. Leggja þarf mat á töpuð búsvæði með þéttleikamælingum á mismunandi búsvæðum. Upplýsa þarf um það hvaða fuglar verða helst í áreksstrarhættu við vindmyllur og hver eru líkleg afföll þeirra. Leggja þarf fram tillögur að mótvægisáðgerðum, eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við ratsjarmælingar nema að stofnunin telur eftir samráð við Náttúrufræðistofnun að tímabil mælinga þurfi að vera frá miðjum mars og út nóvember. Stofnunin bendir á að bera þarf niðurstöður radarmælinga undir Skipulagsstofnun, sem mun í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands leggja mat á hvort þær kalli á frekari athuganir og mat á áhrifum á áflugshættu, áður en frummatsskýrslu er skilað inn samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000.

Ískast

Í frummatsskýrslu þarf að greina frá áætlaðri hættu á ískasti frá vindmyllum og hvernig fyrirhugað er að bregðast við því.

Yfirborðsvatn og grunnvatn

Í athugasemdum er bent á að mjög mikilvægt sé að koma í veg fyrir mengun grunnvatns á framkvæmdatíma og rekstartíma.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um meðhöndlun mengunarefna, möguleg mengunartilvik og leggja mat á áhrif þeirra á umhverfið.

Samfélag, útivist og ferðamenn

Í kafla 5.7 er fjallað um samfélagsleg áhrif. Þar kemur fram að lagt verði mat á áhrif á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu m.a. út frá fjölda ferðamanna sem heimsækja svæðið og nýtingu svæðisins m.t.t. útivistar. Stuðst verði við gögn frá Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands auk fyrirbyggjandi rannsókna sem gerðar hafa verið á viðhorfi almennings og útivistarfólks til vindgarða. Þá verður tekið tillit til áherslna sem koma fram í aðalskipulagi Norðurlands 2010-2013 auk þess sem haft verði samráð við hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagsstofnun bendir á að vindorkugarður af þeirri stærðargráðu og fyrirhugaður er að hnotasteini kemur óhjákvæmilega til með að breyta ásýnd á umfangsmiklu svæði sem ber lítil merki mannlegra athafna og sýnileiki vindmyllanna kann að hafa

³ Er þar vísað til: Recommended bird survey methods to inform impact assessment of onshore wind farms.

March 2017. Version 2. www.nature.scot/sites/default/files/2018-06/Guidance%20Note%20-%20Recommended%20bird%20survey%20methods%20to%20inform%20impact%20assessment%20of%20onshore%20windfarms.pdf

Einnig annarrar útgáfu Scottish Natural Heritage um þetta efni, sem nálgast má á þessari vefslóð: <https://www.nature.scot/professional-advice/planning-and-development/planning-and-development-advice/renewable-energy/onshore-wind-energy/wind-farm-impacts-birds>



áhrif á upplifun ferðamanna og eins og Vatnajökulsþjóðgarður bendir á í umsögn sinni er þjóðgarðurinn í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Sjónræn áhrif vindmylla er sá áhrifaþáttur sem er líklegur til að hafa mest áhrif á ferðaþjónustu og útivist.

Í frummatsskýrslu þarf, auk þess sem tilgreint er í tillögu Qair, að meta gildi og aðdráttarafi svæðisins með tilliti til ferðamennsku og útivistar, t.a.m. með viðhorfskönnunum eða viðtölum við ferðamenn, ferðaþjónustuaðila og íbúa á svæðinu. Slíkt mat þarf að leggja til grundvallar mati á áhrifum á samfélag, útivist og ferðamenn. Fyrirliggjandi rannsóknir á viðhorfi til vindgarða þarf að setja í samhengi við framkvæmdasvæðið. Þá þarf að gera ráð fyrir að við matið verði tekið mið af sýnileikakorti og mati á áhrifum á landslag og ásýnd.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Qair að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvort og þá hvaða sértæku kröfur eru gerðar til löndunarstaða, vega og brúa vegna löndunar og flutnings á búnaði, svo sem varðandi burðarþol, breidd og beygjur. Fjalla þarf um mögulegar vegafamkvæmdir sem ráðast þarf í vegna flutnings aðfanga og meta umhverfisáhrif þeirra á viðeigandi umhverfisþætti.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvað gert er ráð fyrir að leyfi til vindorkuversins verði veitt til langs tíma sem og hvernig staðið verður að frágangi svæðisins að starfstíma loknum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir lagningu jarðstrengs/loftlínu frá safnstöð að tengivirki Landsnets við Snartarstaði og sýna legu mögulegra valkosta fyrir tengingu við flutningskerfið á korti auk þess að leggja mat á samvirk eða samlegðaráhrif þessarar framkvæmdar með vindorkugarðinum á þá umhverfisþætti sem skoðaðir eru í umhverfismatinu.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein sprungum og brotalínum á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og fyrir þoli vindmylla fyrir jarðskjálftum og gagnvart annarri náttúruvæ s.s. aftakaveðri.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim reglum sem gilda um litamerkingar og hindranalýsingu og hvernig áformað er að uppfylla þau skilyrði í vindorkuverinu í landi Hnotasteins.
6. Umhverfismat vindorkuvers að Hnotasteini verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Slíkir valkostir, fyrir utan valkosti um uppröðun og staðsetningu, geta falist í stærð/afli vindorkuvers, áfangaskiptri uppbyggingu, hæð vindmylla og tilhögun vindmylla auk núllkosta, þ.e. að ekki verði af uppbyggingu vindorkuvers.
7. Í frummatsskýrslu þarf að birta rökstutt mat á verndargildi Kerlingarhrauns og Heinabergsása og hvernig framkvæmdaraðili hyggst koma í veg fyrir eða lágmarka risk á umræddum jarðminjum.
8. Nálgun og framsetning mats á áhrifum á landslag og ásýnd í frummatsskýrslu þarf að fylgja bestu starfsvenjum (e. best practice). Skipulagsstofnun tekur afstöðu til þess hvort þau gögn sem stuðst er við við matið eru fullnægjandi við yfirferð frummatsskýrslu sbr. 1. mgr.



10. gr. laga nr. 106/2000. Skipulagsstofnun bendir á að í leiðbeiningum NatureScot (áður Scottish Natural Heritage) er ítarlega fjallað um val á staðsetningum fyrir ásýndarmyndir en mikilvægt er að skýr rökstuðningur liggi fyrir um val staðsetningapunkta og m.a. upplýsingar um hvort eða hvernig hafi verið staðið að samráði við almenning/staðkunnuga við val þeirra. Skipulagsstofnun áréttar að hafa þarf samráð við stofnunina við ákvörðun um hvaða sjónarhorn verða fyrir valinu, áður en frummatsskýrslu er skilað inn samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000.
9. Við mat á áhrifum á landslag og ásýnd lands þarf að gera sérstaka athugun á áhrifum lýsingar á ásýnd og myrkurgæði og að gerð sé grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem við á.
 10. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram niðurstaða um mat á áhrifum á óbyggð víðerni, þ.m.t. upplifunargildi, þar sem áhrifasvæði vindmyllanna einkennist af víðfeðmu flatlendi, sjónlengdir eru miklar og nær áhrifasvæðið því langt inn á svæði sem falla undir skilgreiningu á óbyggðum víðernum.
 11. Skipulagsstofnun leggur því sérstaka áherslu á að nálgun og framsetning mats á áhrifum á fugla í frummatsskýrslu fylgi bestu starfsvenjum (e. best practice). Rannsóknir með VP aðferð þurfa að standa a.m.k. í tvö ár þar sem mikilvægt er að fá samanburð á milli ára og spanni auk varptíma, fartíma vor og haust (7. mars – 7. júní og 1. ágúst – 15. nóvember). Leggja þarf mat á töpuð búsvæði með þéttleikamælingum á mismunandi búsvæðum. Upplýsa þarf um það hvaða fuglar verða helst í árekstrarhættu við vindmyllur og hver eru líkleg afföll þeirra.
 12. Skipulagsstofnun telur að eftir samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands þurfi tímabil ratsjarmælinga að vera frá miðjum mars og út nóvember. Bera þarf niðurstöður mælinganna undir Skipulagsstofnun sem mun, í samráði við Náttúrufræðistofnun, leggja mat á hvort þær kalli á frekari athuganir og mat á áhrifum á áflugshættu, áður en frummatsskýrslu er skilað inn samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000.
 13. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá áætlaðri hættu á ískasti frá vindmyllum og hvernig fyrirhugað er að bregðast við því.
 14. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um meðhöndlun mengunarefna, möguleg mengunartilvik og leggja mat á áhrif þeirra á umhverfið.
 15. Í frummatsskýrslu þarf að meta gildi og aðdráttarafl svæðisins með tilliti til ferðamennsku og útivistar, t.a.m. með viðhorfskönnunum eða viðtölum við ferðamenn, ferðaþjónustuaðila og íbúa á svæðinu. Slíkt mat þarf að leggja til grundvallar mati á áhrifum á samfélag, útivist og ferðamenn. Fyrirliggjandi rannsóknir á viðhorfi til vindgarða þarf að setja í samhengi við framkvæmdasvæðið. Þá þarf við mat á áhrifum að taka mið af sýnileikakorti og mati á áhrifum á landslag og ásýnd.
 16. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.
 17. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá áætluðum fjölda starfa/ársverka á uppbyggingar- og rekstartíma vindorkuversins.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 4. ágúst 2021.

Reykjavík, 2. júlí 2021

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

